NORDIA 03

# BULLETIN 1




Kjarvalsstaðir - Reykjavík
16.-19. október 2003

www.stamps.is/nordia03

**Sýningarnefnd /Udstillingskomité**

Gunnar Rafn Einarsson formand
gunnar@greining.net
Rúnar Þór Stefánsson
runar@grandi.is
Vilhjálmur Sigurðsson
vilhjalmurs@postur.is

**Ritnefnd/Bulletin redaktion:**

Fanney Kristbjarnardóttir
fanney@vortex.is
Hrafn Hallgrímsson
hrafn.hallgrimsson@umh.str.is
Þór Þorsteins
thort@isholf.is

# Umboðsmenn / Kommissærer:

**Aðalumboðsmaður/**
**Generalkommissær:**
**Sigurður H. Þorsteinsson**
Arnarhrauni 4-6
P.O Box 26
IS-222 Hafnarfjördur
ISLAND - ICELAND
Tel/Fax: +354 565 0350
GSM: +354 692 8954
sholm@tv.is

**Danmörk / Danmark:**
**Ebbe Eldrup**
Bolbrovænge 29
2960 Rungsted Kyst
Danmark - Denmark
Tel/fax: +45 4586 4627
eeldrup@dadlnet.dk

**Finnland / Finland:**
**Kari Rahiala**
Vesikuja 9 C 49
FIN-00270 Helsinki
Suomi - Finland
Tel: +358 9 587 7707
GSM: +359 500 511 131
kari.rahiala@pp.inet.fi

**Noregur / Norge:**
**Hallvard Slettebø**
Bjørnøygata 33 A
N-4009 Stavanger
Norge - Norway
Tel: + 47 51 56 59 57
Tel: + 47 51 81 91 56
Fax: + 47 51 81 91 01
hallvard@slettebo.no

**Svíþjóð / Sverige:**
**Lars-Magnus Sjöholm**
Ramsdalsvägen 8
S-136 68 Haninge
Sverige - Sweden
Tel/fax: +46 8 777 65 04

**Bandaríkin / USA:**
**Roger P Quinby**
PO Box 738
Clifton Park NY 12065-0738 USA
rpquinby@aol.com

**Assistant commissioner USA**
**John L. DuBois**
c/o Thermalogic Corporation
22 Kane Industrial Drive
Hudson, MA 01749 USA
jld@thlogic.com

Tryggvi T. Tryggvason teiknari FÍT hannaði sýningarörk
Nordia-blokkens designer er Tryggvi T. Tryggvason FÍT
Þröstur Magnússon grafiskur hönnuður teiknaði merki sýningarinnar

NORDIA 03



Verndari sýningarinnar
Udstillingens protektor
Herra Ólafur Ragnar Grímsson
Forseti Íslands / Islands president

NORDIA 03



## Kveðja frá formanni LÍF

NORDIA 03 er fjórða norræna frímerkjasýningin sem haldin er á Íslandi. Tvær þær fyrstu voru haldnar í Laugardalshöll á árunum 1984 og 1991. Sú þriðja var að Kjarvalsstöðum 1996. Sú fjórða verður nú haldin á sama stað. Félagar úr Félagi Skandinavíu-safnara í Bandaríkjum Ameríku taka þátt í sýningunni ásamt íslenzkum og norrænum söfnurum.

Íslenzkum frímerkjasöfnurum hefir með áhuga sínum tekist að gera fyrri sýningar þannig úr garði að til sóma hefir verið bæði fyrir þá sjálfa og land og þjóð.

Sýningin nú verður heldur minni að vöxtum en fyrri sýningar en það er von okkar allra og ósk að sýningin verði eins vel heppnuð og fyrri sýningar og að íslenzkir safnarar eigi góða daga á Kjarvalsstöðum með gestum sínum dagana 16. - 19. október 2003.

## Hilsen fra LÍFs formand

NORDIA 03 er den fjerde NORDIA udstilling som er arrangeret i Island og anden gang udstillingen er arrangeret i Kjarvalsstaðir. De forrige NORDIA udstillinger i Island var i 1984, 1991 og 1996.

Medlemmer af SCC i USA vil deltage i udstillingen sammen med Islandske og Nordiske samlere.

Islandske frimærkesamlere er med sin entusiasme lykkedes at fuldføre de forrige udstillinger på en måde som er til ære både for dem og deres folk.

NORDIA 03 bliver af lidt mindre omfang end forrige NORDIA udstillinger i Island. Vi håber alle og ønsker at udstillingen nu bliver en lige stor succes som de andre NORDIA udstillinger i Island.

Vi håber at islandske samlere har lykkelige dage i Kjarvalsstaðir 16. - 19. oktober 2003 sammen med deres gæster.

formaður LÍF

## Sérreglur fyrir frímerkjasýninguna Nordiu 03.

**1. Sýningartími og staður.**
Landssamband íslenskra frímerkjasafnara, LÍF, heldur norrænu frímerkjasýninguna NORDIA 03 í samvinnu við Íslandspóst hf. Sýningin verður á Kjarvalsstöðum í Reykjavík dagana 16.-19. október 2003.

**2. Reglugerð.**
Um sýninguna gilda sérreglur þessar, ásamt reglugerð þeirri fyrir NORDIA-sýningar, sem samþykkt hefir verið af norrænu landssamböndunum. Ennfremur gildir hin almenna reglugerð FIP um frímerkjasýningar (GREX), eftir því sem við á ásamt gildandi reglugerðum fyrir sérsvið (SREX). Auk þess gilda þær sérreglur sem norrænu landssamböndin hafa samþykkt um sýningar í opnum flokki.

**3. Deildir sýningarinnar.**

3.1. Deildir utan dóma.
- 3.1.1 Heiðursdeild (Cour d'honneur).
- 3.1.2 Opinber deild.
- 3.1.3 Dómaradeild.
- 3.1.4 Aðrar deildir utan dóma.

3.2. Samkeppnisdeildir.
- 3.2.1 Meistaradeild NORDIA 2003.
- 3.2.2 Hefðbundin deild.
- 3.2.3 Póstsöguleg deild.
- 3.2.4 Heilpóstsdeild.
- 3.2.5 Flugpóstsdeild.
- 3.2.6 Mótífdeild.
- 3.2.7 Stimpil- og greiðslumerkjadeild.
- 3.2.8 Opinn flokkur.
- 3.2.9 Bókmenntadeild.

3.3. Í deildum 3.2.1 - 3.2.5 er söfnum skipt í eftirtalda flokka:
- A. Landsflokkur - Ísland.
- B. Norrænn flokkur - önnur Norðurlönd og norræn svæði, þ.m.t. Dönsku Vestur-Indíur og Grænland.
- C. Alþjóðlegur flokkur - önnur lönd og svæði.

3.4. Stjórn sýningarinnar býður sérstaklega áhugaverðum söfnum til þátttöku í heiðursdeild, 3.1.1.

3.5. Til þátttöku í opinberri deild, 3.1.2, býður Íslandspóstur hf. norrænum
- A. póststjórnum
- B. póstsöfnum
- C. frímerkjaprentsmiðjum, frímerkjateiknurum og -gröfurum.

3.6. Dómnefndarmenn og dómnemar geta tekið þátt í dómaradeild 3.1.3. þátttaka er frjáls.

3.7. Í meistaradeild 3.2.1, verða þau söfn, sem á síðustu fimm árum fyrir sýninguna, þ.e. 1998-2002, hafa náð eftirfarandi árangri:

A. Hafa hlotið stóru verðlaunin (Grand Prix) á FIP sýningu.
B. Hafa hlotið stór gullverðlaun á FIP-sýningu.
C. Hafa tvisvar hlotið gullverðlaun á FIP-sýningu.
D. Hafa hlotið stóru verðlaunin (Grand-Prix) á Nordiusýningu.

Safn, sem á síðustu tíu árum fyrir sýninguna, þ.e. 1993-2002, hefur hlotið stóru heiðursverðlaunin (Grand Prix d'Honeur) í meistaraflokki á FIP-sýningu, fær ekki að taka þátt í samkeppnisdeild.

**4. Sýningarrammar.**

4.1 Á sýningunni verða notaðir rammar, sem rúma 4x4 blöð að stærð allt að 24x30 cm. Innanmál rammanna er 89x119 cm.

4.2. Í samkeppnisdeild, flokkum 3.2.2 – 3.2.7, fær hvert safn minnst 5 og mest 8 ramma.
Í opnum flokki, 3.2.8, fær hvert safn minnst 2 og mest 3 ramma.
Í meistaradeild, 3.2.1, fær hvert safn mest 8 ramma.

**5. Verðlaunapeningar, verðlaun og þátttökuskírteini.**

5.1 Þátttakendur í heiðursdeild 3.1.1 fá heiðursverðlaun frá stjórn sýningarinnar.

5.2 Þátttakendur í öðrum deildum utan dóma, nema dómaradeild, fá stór gyllt silfurverðlaun frá stjórn sýningarinnar.

5.3. Dómnefndin úthlutar besta safni í meistaraflokki Stóru verðlaunum (Grand Prix) NORDIA 03. Önnur söfn í þessari deild fá gullverðlaun.

5.4 Dómnefndin úthlutar Stóru þjóðlegu verðlaununum (Grand Prix Nationale) fyrir besta Íslandssafnið.

5.5 Dómnefndin úthlutar Stóru norrænu verðlaununum (Grand Prix Nordique) fyrir besta safnið frá Norðurlöndum utan Íslands.

5.6 Dómnefndin úthlutar Stóru alþjóðlegu verðlaununum (Grand Prix Internationale) fyrir besta safnið frá landi utan Norðurlanda.

5.7. Öll stór verðlaun (Grand Prix) eru listmunir og koma þeir í staðinn fyrir gullverðlaun.

5.8 Dómnefndin getur úthlutað eftirtöldum verðlaunum:
gull
stórt gyllt silfur

gyllt silfur
stórt silfur
silfur
stórt brons (eða silfrað brons)
brons
verðlaunaskjal.

5.9 Í opnum flokki fá þátttakendur verðlaunapeninga hliðstætt því sem gildir um aðra flokka og í samræmi við dómreglur.

5.10 Öll söfn í samkeppnisdeild fá þátttökuskírteini þar sem fram kemur hvaða verðlaun safnið hefur hlotið. Allir verðlaunapeningar innihalda þann málm, sem nafnið gefur til kynna.

5.11 Í flokkum 3.2.2-3.2.8 getur dómnefnd úthlutað heiðursverðlaunum auk verðlaunapeninga.

**6. Þátttaka.**

6.1 Félagar í landssamböndum Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, svo og félagar í aðildarfélögum þessara landssambanda eiga rétt á að sækja um þátttöku í Nordiu 03. Sömuleiðis félagar í Scandinavian Collectors Club í Bandaríkjum Ameríku.

6.2 Rétt til að sækja um þátttöku hafa söfn, sem hlotið hafa lægst stór silfurverðlaun í flokkum 3.2.2-3.2.9 á landssýningu.

Stjórn sýningarinnar getur, að fengnum meðmælum umboðsmanns sýningarinnar í viðkomandi landi, veitt safni, sem ekki hefur náð nefndum lágmarksárangri, leyfi til þátttöku.

6.3 Safn skal hafa verið í eigu sýnanda í minnst tvö ár fyrir sýninguna.

6.4 Sýnendur geta sýnt undir dulnefni. Stjórn sýningarinnar og dómnefnd skal þó vita rétt nafn sýnenda.

6.5 Hver þátttakandi getur sýnt mest tvö söfn. Þessi takmörkun gildir ekki um bókmenntadeild.

**7. Þátttökutilkynningar.**

7.1 Íslenskir umsækjendur skulu sækja um þátttöku beint til NORDIA 03, pósthólf 8753, 128 Reykjavík. Umsækjendur frá öðrum löndum skulu sækja um þátttöku til umboðsmanna sýningarinnar í viðkomandi landi.

7.2 Umsókn um þátttöku skal senda á til þess gerðum eyðublöðum, sem fylla skal út með ritvél eða prentstöfum.

7.3 Í sýningarskrá verður söfnunum lýst á sama hátt og gert er á umsóknareyðublaði.

7.4 Stjórn sýningarinnar getur, án þess að gefa upp ástæður, samþykkt eða hafnað

safni, sem sótt hefur verið um þátttöku fyrir. Ákvörðun stjórnar sýningarinnar verður tilkynnt umsækjanda með milligöngu umboðsmanns í viðkomandi landi.

**8. Þátttökugjald.**

8.1 Í samkeppnisdeildum 3.2.1-3.2.8 er þátttökugjaldið 30 fyrir hvern sýningarramma. Í bókmenntadeild er sama þátttökugjald 30, fyrir hvert sýningarefni. Greiða skal þátttökugjaldið um leið og endanleg þátttökutilkynning er send.

8.2 Allir sýnendur fá ókeypis aðgang að sýningunni ásamt sýningarskrá og niðurstöðum dómnefndar (Palmarés).

**9. Dómnefnd.**

9.1 Söfn í samkeppnisdeildum verða dæmd af dómnefnd, sem í verða a.m.k. 8 menn, þar af a.m.k. 4 frá Norðurlöndum utan Íslands. Dómnefndir úthlutar verðlaunum. Dómnefndin verður þannig skipuð að hún sé hæf til að dæma allar samkeppnisdeildir og einstakir dómarar verða viðurkenndir sem norrænir dómarar. Formaður dómnefndar skal vera alþjóðlegur dómari, viðurkenndur af FIP.

9.2 Dómnefnd getur flutt söfn milli deilda, án þess að tilkynna það eigendum safnanna.

9.3 Við störf sín er dómnefnd óbundin af því verðlaunastigi, sem safn kann að hafa náð á fyrri sýningum. Ákvörðun dómnefndar er endanleg og ekki hægt að áfrýja henni.

9.4 Störf dómnefndar skulu vera í samræmi við hinar almennu reglur FIP um dóma sýningarefnis (GREV) og þær sérstöku reglur, sem við eiga (SREV).

**10. Leiðbeiningar fyrir sýnendur.**

10.1 Öll samskipti sýnenda og stjórnar sýningarinnar eiga sér stað með milligöngu umboðsmanna í viðkomandi landi. Hvað íslenska sýnendur varðar eiga samskiptin sér þó stað beint við Nordiu 03.

10.2 Forumsókn um þátttöku í sýningunni skal senda á þar til gerðu eyðublaði. Skal umsókn hafa borist stjórn sýningarinnar fyrir 15. janúar 2003.

10.3 Tilkynning um hvort safn hefur verið tekið á sýninguna, ásamt þeim rammafjölda, sem því hefur verið úthlutað, verður send fyrir 15. mars 2003. Staðfesting á þátttökutilkynningu skal hafa borist stjórn sýningarinnar fyrir 15. maí 2003.

10.4 Söfn, sem ekki eru afhent persónulega af sýnanda eða umboðsmanni sýningarinnar, skal senda í pósti og skulu þau berast stjórn sýningarinnar fyrir 26. september 2003. Söfnum, sem afhent eru persónulega, skal skila þann 13. október 2003.

10.5 Sýningarefni í bókmenntadeild skal berast sýningarnefnd í tveimur eintökum í síðasta lagi 26. september 2003.

Frímerkjalistar skulu hafa verið gefnir út árið 2000 eða síðar og önnur rit árið 1997 eða síðar.

Frímerkjatímarit skulu vera síðasti heili árgangurinn. Allt efni í bókmenntadeild verður eign sýningarinnar að henni lokinni.

10.6 Allir sýnendur fá staðfestingu á að sýningin hafi móttekið sýningarefni þeirra.

10.7 Hafi sýningarefni ekki borist stjórn sýningarinnar innan þess frests, sem tilgreindur er í gr. 10.4, getur eigandi þess ekki krafist þátttöku í sýningunni. Þátttökugjöld verða ekki endurgreidd.

10.8 Öll blöð, sem sýna á, skulu vera í gagnsæu og ólituðu hlífðarumslagi. Blöðin skulu vera númeruð með hlaupandi númerum í neðra hægra horni. Blöð, sem eiga að vera í sama ramma, skal setja saman í umslög, sem sýnendum verða send með nægum fyrirvara. Öll blöð skulu merkt eiganda á bakhlið.

10.9 Nordia 03 tekur ekki við og ber ekki ábyrgð á neinu efni fyrir utan þann blaðafjölda, sem samþykktur hefur verið.

**11. Uppsetning safna og skil.**

11.1 Sýnendur eða umboðsmenn þeirra, sem sjálfir afhenda söfn sín þann 13. október 2003, geta sjálfir sett þau upp þann dag. Stjórn sýningarinnar annast uppsetningu þeirra safna, sem send verða í pósti.

11.2 Sýnendur, eða umboðsmenn þeirra, geta sjálfir tekið niður söfn sín og fengið þau afhent eftir lokun sýningarinnar þann 19. október 2003. Söfn, sem ekki verða sótt þann 19. október, verða send eigendum sem verðpóstur á kostnað sýningarinnar strax að henni lokinni.

11.3 Sýnendur, sem óska eftir að afhenda/taka við og/eða setja upp/taka niður söfn sín, skulu tilkynna það um leið og staðfesting á þátttökutilkynningu er send.

**12. Tollamál.**

12.1 Upplýsingar um nauðsynlegar tollskýrslur og annað slíkt, sem fylgja skulu söfnum er þau eru send sýningunni eða skilað, verða sendar sýnendum um leið og tilkynnt verður að safnið sé tekið á sýninguna.

**13. Öryggisráðstafanir.**

13.1 Stjórn sýningarinnar sér um allar ráðstafanir til að tryggja öryggi safnanna og vernd þeirra. Hún annast einnig alla meðhöndlun safnanna (uppsetningu, niðurtekt, pökkun og sendingu) meðan þau eru í vörslu sýningarinnar en hún ber enga ábyrgð á hugsanlegu tjóni á söfnunum.

13.2 Eigendur safna skulu sjálfir annast tryggingu á söfnum sínum, bæði í flutningi og meðan á sýningunni stendur.

**14. Reglugerðarbreytingar - ágreiningsmál.**

14.1 Stjórn sýningarinnar áskilur sér rétt til að breyta reglugerð þessari. Breytingar, sem kunna að vera gerðar, verða tilkynntar sýnendum eins fljótt og við verður komið.

14.2 Stjórn sýningarinnar áskilur sér rétt til að úrskurða í öllum þeim málum sem reglugerð þessi eða reglugerðir þær sem nefndar eru í kafla 2, ná ekki til.

14.3 Sýnendur samþykkja reglugerð þessa og skuldbinda sig til að hlíta henni með undirskrift sinni á andanlegri þátttökutilkynningu.

14.4 Komi til ágreinings milli sýnenda og stjórnar sýningarinnar skal farið með slíkt mál að íslenskum lögum og það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, komi til málshöfðunar.




LINDNER

Allt fyrir safnara
LINDNER albúm
Íslensk og erlend frímerki
Hafið samband og fáið vörulista

FRÍMERKJAHÚSIÐ
Bókhlöðustíg 2 - 101 Reykjavík
sími 551-1814
netfang:
frimerkjahusid@islandia.is

# Specialreglement for NORDIA 03

**1. Udstillingens tid og sted.**

Islands filatelist forbund, LÍF, arrangerer den nordiske frimærkeudstilling NORDIA 03 i samarbejde med Íslandspóstur hf. Udstillingen finder sted i Kjarvalsstaðir i Reykjavík, i dagene 16. til 19. oktober 2003.

**2. Reglement**

For udstillingen gælder dette specialreglement samt det reglement for NORDIA-udstillinger, som vedtaget af de nordiske nationale filatelistforbund. Tillige gælder FIP's generelle reglement for filatelistiske udstillinger (GREX) samt FIP's gældende reglementer for specialområdeme (SREX). Endvidere gælder specialreglement som de nordiske landsforbund har vedtaget om udstillinger I åben klasse.

**3. Udstillingsklasser**

3.1 Klasser uden for bedømmelse:

- 3.1.1 Æresklasse (Cour d'honneur)
- 3.1.2 Officiel klasse
- 3.1.3 Juryklasse
- 3.1.4 Andre klasser uden for bedømmelse

3.2 Konkurrenceklasser:

- 3.2.1 Mesterklasse NORDIA 96
- 3.2.2 Traditionel filateli
- 3.2.3 Posthistoriske samlinger og stempelsamlinger
- 3.2.4 Helsager
- 3.2.5 Luftpost
- 3.2.6 Motivsamlinger
- 3.2.7 Stempelmærker (revenue)
- 3.2.8 Åben klasse
- 3.2.9 Litteratur.

3.3 I klasserne 3.2.1 - 3.2.5 grupperes samlinger således:

- A. Nationalgruppe - Island
- B. Nordisk gruppe - andre nordiske lande og nordiske områder incl. Dansk Vestindien og Grønland.
- C. International gruppe - andre lande og områder.

3.4 Udstillingskomiteen indbyder specielt interessante eksponater til at deltage i æresklassen, 3.1.1.

3.5 Til deltagelse i den officielle klasse 3.1.2 indbyder Íslandspóstur hf. de nordiske

A. Postdirektioner,
B. Postmuseer,
C. Frimærketrykkerier, frimærkekunstnere og -gravører.

3.6 Jurymedlemmer og juryelever kan deltage i juryklassen. Deltagelse er frivillig.

3.7 I mesterklassen 3.2.1 kan deltage samlinger, der indenfor de sidste fem år før udstillingen, dvs. i årene 1998-2002, har opnået følgende udmærkelser:

A. Grand Prix på en FIP-udstilling.
B. Stor guldmedalje på en FIP-udstilling.
C. Guldmedalje to gange på FIP-udstillinger
D. Grand Prix på en NORDIA-udstilling.

En samling, der indenfor de sidste ti år før udstillingen, har opnået Grand Prix d'Honeur i mesterklassen på en FIP-udstilling, kan ikke deltage i konkurrenceklassen.

**4. Udstillingsrammer.**

4.1 På udstillingen benyttes rammer, der har plads til 4 x 4 plancher i størrelsen op til 24 x 30 cm. Rammernes indvendige mål er 89 x 119 cm.

4.2 I konkurrenceklassen, grupper 3.2.2- 3.2.7, tildeles hver samling mindst 5 og højst 8 rammer.
I de åbne klasser, 3.2.8 og 3.3.1 tildeles hver samling mindst 2 og højst 3 rammer.
I mesterklassen tildeles hver samling højst 10 rammer

**5. Medaljer, præmie og diplomer**

5.1 Deltagere i æresklassen 3.1.1 tildeles ærespremie af udstillingskomiteen.

5.2 Deltagere i andre klasser uden for bedømmelse, excl. juryklassen, tildeles vermeil af udstillingskomiteen.

5.3 Til den bedste samling i mesterklassen tildeler juryen Grand Prix NORDIA 03. Andre samlinger i denne klasse tildeles guldmedalje.

5.4 Juryen tildeler den store nationale præmie (Grand Prix Nationale) for den bedste Islandssamling.

5.5 Juryen tildeler den store nordiske præmie (Grand Prix Nordique) for den bedste samling fra de nordiske lande excl. Island.

5.6 Juryen tildeler den store internationale præmie (Grand Prix Internationale) til den bedste ikke-nordiske samling.

5.7 Alle store præmier (Grand Prix) er kunstgenstande, der træder i stedet for guldmedaljer.

5.8 Juryen kan tildele følgende udmærkelser:

Guld,
Stor vermeil,
Vermeil,
Stor sølv,
Sølv,
Stor bronze (eller forsølvet bronze),
Bronze,
Diplom.

5.9 I åben klasse tildeles deltagerne medalje tilsvarende hvad er gældende for andre klasser og overens med gældende regler.

5.10 Alle eksponater i konkurrenceklassen får et deltagerdiplom, hvoraf det fremgår, hvilken præmiering eksponatet har opnået. Alle medaljer indeholder det metal, navnet angiver.

5.11 I klasserne 3.2.2 - 3.2.8 kan juryen foruden medaljer uddele ærespremier.

**6. Deltagelse.**

6.1 Medlemmer af nationale filatelistforbund i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige, såvel som medlemmer i foreninger tilhørende disse forbund har ret til at ansøge om deltagelse i NORDIA 03. Ligeledes medlemmer afThe Scandinavian Collectors Club I USA.

6.2 Ret til at ansøge om at deltage har samlere med eksponater, der har opnået mindst stor sølv i klasserne 3.2.2 - 3.2.9 på nationale udstillinger.

Udstillingskomiteen kan, efter anbefaling af kommissæren i det respektive land, give et eksponat, der ikke har opnået det nævnte kvalifikationskrav for deltagelse i NORDIA 03, tilladelse at deltage.

6.3 En samling skal have været udstillerens ejendom i mindst to år forud for udstillingen.

6.4 Deltagere kan udstille under pseudonym. Udstillerens identitet skal dog være kendt af udstillingskomiteen og juryen.

6.5 Hver deltager kan højst udstille to eksponater. Denne begrænsning gælder dog ikke eksponater i litteraturklassen.

**7. Meddelelse om deltagelse.**

7.1 Islandske deltagere skal ansøge om deltagelse direkte til NORDIA 03, Postboks 8753, 128 Reykjavik. Ansøgere fra andre nordiske lande skal henvende sig til de respektive landes kommissærer.

7.2 Ansøgning om deltagelse skal indsendes på et specielt ansøgningsskema, der skal udfyldes på skrivemaskine eller med blokbogstaver. Ansøgningsskemaer fås hos de respektive nordiske landes kommissærer.

7.3 I udstillingskataloget bliver eksponaterne beskrevet på samme måde som i ansøgningsskemaet.

7.4 Udstillingskomiteen kan, uden at opgive nogen grund, acceptere eller afvise et eksponat for hvilkt en ansøgning om deltagelse er indsendt. Udstillingskomiteens afgørelse bliver meddelt ansøgeren gennem kommissæren i det respektive land.

**8. Deltagergebyr.**

8.1 I konkurrenceklasserne 3.2.1 - 3.2.8 er deltagergebyret 30 for hver udstillingsramme. I litteraturklassen 3.2.9 er deltagergebyret 30 for hvert litteratureksponat.

8.2 Alle udstillingsdeltagere får fri adgang til udstillingen tillige med udstillingens katalog og juryens beretning (Palmarés).

**9. Jury.**

9.1 Eksponater i konkurrenceklassen bliver bedømt af en jury, bestående af mindst 8 personer, hvoraf 4 er fra de nordiske lande excl. Island. Juryen fordeler ærepresenterne i konkurrenceklassen. Juryen er således sammensat, at den er fuldt kvalificeret til at bedømme eksponater i alle konkurrenceklasserne og de enkelte jurymedlemmer har alle status som nordiske dommere.
Juryens formand skal have status som international dommer, anerkendt af FIP.

9.2 Juryen kan overflytte eksponater mellem klasser, uden at meddele dette til eksponaternes ejere.

9.3 Juryen er under sit arbejde ikke forpligtet overfor den medaljegrad, som et eksponat eventuelt har opnået på tidligere udstillinger. Juryens afgørelse er endelige og kan ikke appelleres.

9.4 Juryens arbejde er i overensstemmelse med FIP's almene reglement for bedømmelse af udstillingseksponater (GREV) og de dertil hørende specialreglementer (SREV).

**10. Vejledning for udstillere.**

10.1 Al kontakt mellem udstillere og udstillingskomiteen foregår via udstillingens kommissærer i de forskellige lande. Vedrørende islandske udstillere foregår kontakten dog direkte med NORDIA 03.

10.2 Foreløbig ansøgning om deltagelse i udstillingen skal indsendes på et specielt ansøgningsskema, der fås hos de respektive landes kommissærer. Ansøgningsskemaet skal være udstillingskomiteen i hænde inden den 15. januar 2003.

10.3 Meddelelse om hvorvidt et eksponat er blevet antaget til udstillingen, tillige med det antal rammer, der er tildelt, bliver sendt til ansøgeren inden den 15. marts 2003. Ansøgerens bekræftelse på denne meddelelse skal være

udstillingskomiteen i hænde inden den 15. maj 2003.

10.4 Eksponater, der ikke bliver afleveret personligt av udstiller eller kommissær, skal sendes med post og skal være udstillingskomiteen i hænde inden den 26. september 2003.
Eksponater, der afleveres personligt, skal afleveres den 13. oktober 2003.

10.5 Eksponater i litteraturklassen skal indsendes i to eksemplarer og være udstillingskomiteen i hænde senest den 26. september 2003.
Frimærkekataloger, der ønskes udstillet i litteraturklassen, skal være udgivet i 2000 eller senere og anden litteratur i 1997 eller senere.
Filatelistiske tidsskrifter skal omfatte tidsskriftets sidste hele årgang.
Alle eksponater i litteraturklassen bliver udstillingens ejendom ved dens slutning.

10.6 Alle udstillere får en bekræftelse på, at udstillingen har modtaget deres udstillingsmateriale.

10.7 Hvis et antaget eksponat ikke er udstillingskomiteen i hænde inden for den frist, der er anført i paragraf 10.4, kan ejeren ikke forlange deltagelse i udstillingen. Deltagergebyret bliver ikke refunderet.

10.8 Alle plancher, der skal udstilles, skal være indlagt i et gennemsigtigt og ufarvet beskyttelsesomslag. Plancherne skal være nummererede i nederste højre hjørne.
Plancher, der skal monteres i den samme ramme, skal lægges i samme særlige omslag, som udstillere får tilsendt fra NORDIA 03.
Alle plancher bør have ejerens navn anført på bagsiden.

10.9 NORDIA 03 kan ikke modtage og påtage sig ansvar for flere plancher end det antal, der er antaget af udstillingskomiteen.

**11. Montering og aflevering.**

11.1 Udstillere eller deres representanter, der selv afleverer deres samlinger den 13. oktober 2003, kan selv opsætte dem i rammerne den dag. Udstillingskomiteen sørger for opsætning af de eksponater, der sendes med posten.

11.2 Udstillere eller deres representanter kan selv nedtage deres samlinger og få dem udleveret ved udstillingens slutning den 19. oktober 2003. Samlinger, der ikke bliver afhentet den 19. oktober bliver afsendt til ejerne som værdipost på udstillingens bekostning, straks efter udstillingens afslutning.

11.3 Udstillere, der ønsker selv at afhente/modtage og/eller opsætte/nedtage deres samlinger, bør meddele dette når bekræftelsen på deltagelsesmeddelelsen er sendt.

**12. Vedrørende told.**

12.1 Oplysninger om nødvendige tolddeklarationer og deslige, der skal følge eksponaterne, når de afsendes eller tilbageleveres, bliver tilsendt udstillerne

samtidig med bekræftelsen på at eksponatet er accepteret til udstilling.

**13. Sikkerhedsforanstaltninger.**

13.1 Udstillingskomiteen sørger for alle foranstaltninger vedrørende sikring af eksponaterne og deres protektion. Komiteen sørger endvidere for al behandling (opsætning, nedtagning, pakning og forsendelse) af eksponaterne mens de er i udstillingens varetægt, men tager ikke ansvaret for mulige skader på eksponaterne.

13.2 Det påhviler ejerne selv at sørge for forsikring af deres eksponater, både under transport og under udstillingsperioden.

**14. Ændringer og tvivlsspørgsmål.**

14.1 Udstillingskomiteen forbeholder sig ret til at ændre dette reglement. Eventuelle ændringer bliver meddelt udstillerne så hurtigt som muligt.

14.2 Udstillingskomiteen forbeholder sig ret til at bestemme i alle sager, som dette reglement, eller de reglementer, der omtales i paragraf 2, ikke omfatter.

14.3 Udstillerne accepterer dette reglement og forpligter sig til at følge det med deres underskrift på det endelige anmeldelsesskema.

14.4 Eventuelle tvivlsspørgsmål skal behandles i overensstemmelse med islandsk lov og behandles af en domstol i Reykjavik.

Iceland's largest collection of contemporary art

LISTMUNASALA fold ART GALLERY
RAUÐARÁRSTÍG
105 REYKJAVÍK
SÍMI/TEL 551 0400

ART GALLERY
• Rauðarárstíg 14-16
• Kringlan (shopping mall)
• Smáralind (shopping mall)
• Phone: 551 0400

www.myndlist.is

Experience Icelandic art
- perfect gifts and unique pieces.

Þór Þorsteins

# Frímerkjasjálfsalar á Íslandi

Þann 19. júlí 1932 voru afhent úr birgðum Póstmálastofnunarinnar fyrstu frímerkin til sölu úr sjálfsölum, en settir höfðu verið upp 3 frímerkjasjálfsalar í anddyri aðalpósthússins í Pósthússtræti í Reykjavík.

Upphaf sögunnar var að Jón Leós póstmaður var styrktur til ferðar um Þýskaland og Austurríki á árinu 1931. Tilgangur ferðarinnar var meðal annars að hann kynnti sér nýjungar í póstafgreiðslu og ný tæki. Talið er að hann hafi fyrstur bent á sjálfsalana og framleiðanda þeirra.

Síðan ritaði Sigurður Briem aðalpóstmeistari bréf til firmans Heinrich H. Klüssendorf í Berlín þann 23. júní 1931 og óskaði þar eftir tilboði í þrjá veggsjálfsala fyrir frímerki. Áttu þeir að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. að vera fyrir 25 aura mynt og afgreiða eitt 20 aura frímerki og gefa 5 aura til baka.
2. að vera fyrir 10 aura mynt og afgreiða tvö 5 aura frímerki.
3. að vera fyrir 25 aura og 10 aura myntir og afgreiða eitt 35 aura frímerki.

Verksmiðjan sendi fljótlega tilboð og benti sérstaklega á nauðsyn þess að frímerki fyrir kassana væru í rúllum svo þeir gætu afgreitt þau. Fylgdi jafnframt með sýnishorn af slíkum frímerkjum. Þar sem engin íslensk frímerki voru til nema í örkum sneri póstmeistari sér til dönsku póststjórnarinnar og óskaði upplýsinga hvort hægt væri að afgreiða Landslagsfrímerkin frá 1925 í frímerkjarúllum. Danir svöruðu og sögðust ekki hafa vélar til slíkrar prentunar en bentu á að venja væri að líma saman frímerkjaræmur sem rifnar væru úr venjulegum frímerkjaörkum. Sendu þeir eina rúllu með 500 eintökum af 7 aura merkinu sem sýnishorn en bentu jafnframt á að þar sem frímerkið væri prentað í tvöfaldri stærð merkja yrði rúllan fyrirferðarmeiri en ella. Telja þeir þó ekkert því til fyrirstöðu að gera þetta sé þess óskað.

Póstmálastjóri ritaði verksmiðjunni 29. júlí og kvaðst hafa fengið neikvætt svar frá Dönum en hann myndi leita fyrir sér annars staðar. Óskaði hann jafnframt að framleiðslu kassanna yrði frestað í bili.

Í september var Sigurður Briem á ferðalagi í London og leitaði þar tilboða í vinnslu Gullfoss frímerkja hjá prentsmiðjuThomas De la Rue & Co. sem afgreiða ætti bæði í örkum og í rúllum fyrir sölukassana. Sendi prentsmiðjan þegar tilboð með mynd af fossinum sem gerð er eftir ljósmynd Ólafs Magnússonar en með rammateikningu teiknara prentsmiðjunnar. Upphafleg hugmynd var að prenta

frímerkin í tveim litum en vegna kostnaðar var hætt við þá hugmynd. Pöntun var fljótt send og hljóðaði hún upp á 100.000 eintök af hverju merki í 5, 20 og 35 aura verðgildum. Skyldi afgreiða helming merkjanna í rúllum. Frímerkin voru afgreidd til Íslands 11. desember 1931.



Með bréfi til verksmiðjunnar 14. desember var send ein rúlla af 5 aura Gullfoss frímerkjum, föst pöntun var gerð og óskað afgreiðslu kassanna sem fyrst. Í skeyti 24. desember staðfesti framleiðandi að smíði væri hafin á kössum fyrir 10, 20 og 35 aura frímerkin og gaf upp endanlegt verð þeirra. Í bréfi nokkrum dögum síðar benti hann á að notkun 25 aura myntar sem seldi 20 aura merki og gæfi 5 aura til baka yki mikið framleiðslukostnaðinn vegna sérsmíði á hlutum kassans og benti á að til sparnaðar mætti nota 2x10 aura mynt en það drægi ekki aðeins úr kostnaðinum heldur einnig vinnu við að fylla á hann 5 aura mynt. Frá hendi póstsins var samþykkt að breyta í 2x10 aura mynt og einnig tilkynnt að kassar skyldu vera hárauðir á lit.

Gögn sem fundist hafa ná ekki lengra, en vitað er að kassarnir voru settir upp á fyrri hluta árs 1932. En áður en afgreiðsla fór fram á kassa fyrir 35 aura merkið, var henni breytt í notkun 2 krónu penings sem afgreiða átti 2 krónu frímerkjahefti í stað eins merkis. Vegna þessa voru 35 aura Gullfoss merkin aldrei seld úr sjálfsölum þó að keypt hafi verið, í staðinn var hægt að kaupa heilar rúllur eða hluta þeirra á pósthúsum.

Fyrsti notkunar dagur kassa er ekki þekktur en hefur vafalaust verið skömmu eftir afhendingu frímerkjaarka úr birgðum póststofnunar fyrir heftin þann 19. júlí 1932. Kápur og millispjöld 2 krónu heftanna voru öll prentuð á Íslandi, en útlit þeirra og innihald breyttist mikið á þeim 32 árum sem sölukassarnir voru í notkun. Auglýsingar voru seldar á spjöldin og einnig á milliblöð. Fjölbreytni auglýsinganna var mikil. Fjelagsprentsmiðjan og síðan Steindórsprent hf. prentuðu kápur og auglýsingamilliblöð fyrstu heftanna. Í upphafi setti Félagsbókbandið heftin saman og hefti þau en síðan tók starfsfólk pósthússins í Pósthússtræti við verkefninu og var það unnið eftir þörfum markaðarins. Aðeins eru þekktar upplagstölur hefta frá árunum 1932 til 1935 en eftir þann tíma voru ávallt notuð frímerki af birgðum pósthússins og var magn þeirra ekki aðgreint frá annari sölu.

Þann 1. janúar 1940 hækkaði burðargjald innanlands um 5 aura. Reyndist þá nauðsynlegt að breyta kassanum fyrir 20 aura frímerkið í 25 aura og er það talið hafa verið gert hér innanlands skömmu síðar.



Til að fá nánari upplýsingar um íslensk frímerkjahefti og poka má benda á ýtarlega grein sem birtist í frímerkjaverðlistanum Íslenzkum frímerkjum 1988. Nokkuð hefir þó eftir þann tíma bæst við þekkingu á útgefnum heftum og innihaldi þeirra.

Sem áður sagði voru tveir kassanna gerðir til afgreiðslu á lausum frímerkjum. Staðfesting póstmeistara í bréfi er þekkt, þar sem hann getur um að kassar hafi hoggið merki skakkt við afhendingu en ókunnugt er hvort það stafaði af ónákvæmni í tilfærslu kassa eða galla í rúllum. Einnig er þekkt að drengur setti innpakkaðan tíeyring í 2 krónu kassann og fékk til baka 3 hefti, sér til mikillar ánægju. Eftir 1964 voru sjálfsalarnir úreltir vegna hækkana burðagjalda og þá teknir úr notkun.

Þekkt eru kaup á eftirfarandi merkjum í rúllum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 5 aurar Gullfoss | afgreitt | 11.12.1931 | 100 rl. x 500 merki |
| | afgreitt | 1.8.1933 | 100 rl. x 500 merki |
| | afgreitt | 11.10.1935 | 200 rl. x 500 merki |
| 20 aurar Gullfoss | afgreitt | 11.12.1931 | 100 rl. x 500 merki |
| | afgreitt | 1.8.1933 | 100 rl. x 500 merki |
| | afgreitt | 11.10.1935 | 200 rl. x 500 merki |
| 35 aurar Gullfoss | afgreitt | 11.12.1931 | 100 rl. x 500 merki. |

Auk þess þekkjast eftirtalin frímerki seld úr sölukössum, en rúllur þessar voru settar saman á aðalpósthúsinu í Reykjavík og upplög eru óþekkt:

5 aurar síld og 25 aurar þorskur bæði rauður og rauðbrúnn

Árið 1970 er aftur settur upp sölukassi sem framleiddur var af Sternes Specialfabricks AB, í Svíþjóð og þá á Lækjartorgi í Reykjavík. Hann afgreiddi eitt hefti ef settar voru í hann tvær 10 krónu myntir. Kápuhefti hans var prentað hjá Svansprenti í rauðum lit og sýndi póstlúður á framhlið en nokkur póstburðargjöld á bakhlið. Vegna vandamála sökum raka var kassinn fljótlega tekinn úr notkun, en heftir vildu bólgna út.

Þar með lauk sögu frímerkjasjálfsala í Reykjavík en áhugi notenda reyndist minni en vonir höfðu staðið til og var notkun sjálfsalanna lítil.

Þór Þorsteins

# The History of Vending Machines for Stamps and Booklets in Iceland 1932-1970

Three automatic vending machines were mounted on the wall at the entrance to the main post office on Pósthússtræti in Reykjavík in 1932. If the correct coin was inserted in the slot and a crank turned, the machine delivered a stamp or booklet. Let us now take a closer look at the history of this subject.

It began when a postal employee, Jón Leós, travelled to Germany and Austria during 1931 under a postal subsidy. The purpose of his trip, among other things, was to study new ideas for postal handling and equipment and it is believed he was the first person to point out the automatic vending machines and their manufacturer.

In a letter dated June 23, 1931 head postmaster Sigurður Briem wrote to the firm Heinrich H.Klüssendorf in Berlin seeking three wall-mounted stamp vending machines which should be able to handle following:

1. accept a coin of 25 aurar which would deliver one 20 aurar stamp and return a 5 aurar coin
2. accept 10 aurar and deliver two 5 aurar stamps
3. accept 25 and 10 aurar coins and deliver one 35 aurar stamp

The manufacturer confirmed the request in July, pointing out in particular the necessity of using stamps in rolls for these machines and enclosed a fitting sample.

As all Icelandic stamps in stock were only found in sheets, the postmaster contacted the Danish post on July 15 requesting information as to whether rolls could be furnished of the 1925 Landscape issue. The Danish post answered a few days later, informing that they did not have machines to print rolls. They also pointed out their custom of gluing together stamp strips which were removed from existing sheets; enclosed was one roll comprising 500 pieces of the 7 aurar Landscape stamp which had been glued together. Since this stamp was double the usual stamp size, the roll was bulky whether put together horizontally or vertically, but the Danish post confirmed that this could easily be done, if required.

Postmaster Briem contacted the Berlin manufacturer on July 29, stating that he had received a negative answer from the Danes regarding stamp rolls and must seek a supplier elsewhear. He therefore requested a postponement for production of the vending machines.




In September Sigurður Briem travelled to London where he requested an offer from printers Thomas De la Rue & Co., to print Gullfoss stamps for delivery both in sheets and rolls for vending machines, at which time he furnished a photo of the waterfall taken by Ólafur Magnússon. De la Rue quickly responded to this request, presenting a stamp example made from the photo and with frame drawings made by the firm. Due to the price differential a single color was chosen for each stamp in the Gullfoss set and an order was placed for 300,000 stamps: 100,000 each of the 5, 20 and 35 aurar values, half for delivery in rolls and half in sheets. This order was delivered on December 11, 1931 via Leith to Iceland.

With a letter to the Berlin manufacturer on December 14 one roll of 5 aurar Gullfoss stamps was enclosed and a formal order placed for vending machines for delivery as soon as possible. On December 24 the manufacturer confirmed that production had started for the 10, 20 and 35 aurar machines but, in a letter a few days later, it was pointed out that building a special mechanism to deliver a 20 aurar stamp and refund a 5 aurar coin would increase production costs considerably; it was recommended that expenses could be reduced by making the machine accept two 10 aurar coins instead and it would also exclude work with loading the box with 5 aurar coins. After due consideration this change was accepted by the post office; in the letter of confirmation it was requested that all the vending machines be painted bright red and with instructions printed on the outside to indicate what denomination



coins were to be inserted before one turned the crank on each machine.

Documents found in the postal museum reveal nothing further, but it is known that prior to delivery of the intended 35 aurar machine the order was changed so that the machine would accept a 2 krónur coin and deliver a 2 krónur booklet instead of a loose stamp. Thus the rolls of 35 aura Gullfoss stamps were never sold from vending machines, instead beeing sold as whole rolls or in parts at post offices.

First day of machine use is not known, but without doubt it was shortly after rolls and sheets for booklets were made available from postal stock on July 19, 1932. Booklet covers and advertisment pages were all printed locally; their appearance and content changed much during the 32 years the vending machines were in use. Advertisments were sold and their variety is great. Fjelagsprentsmiðjan and later Steindórsprent hf did the printing and, to begin with, booklets were put together by Félagsbókbandið. Not long after, however, booklets were put together by postal staff and then according to sales requirements. The exact quantity made is only recorded during 1932-35 and from then on existing stamps from stock at the main post office were used and their quantity not counted separatly from other sales.

Inland postage was increased by 5 aurar on January 1, 1940 and one vending machine was altered to deliver a 25 aurar stamp rather than 20 aurar. It is believed that this alteration was done locally.

Two of the vending machines were made for loose stamps, as mentioned before, but, as confirmed in a letter written by the postmaster, both are known to have cut stamp edges short from time to time, due either to faulty mechanical work or defective rolls. It is also known that a boy put a wrapped 10 aurar coin into the 2 krónur slot and received three booklets to his great pleasure. These vending machines became outdated after 1964 due to postal rate increases and were taken



out of use. They were considered an improvement to service, even though little used by the general public.

The following stamps are known ordered in rolls:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 5 aurar Gullfoss | delivered | 11.12.1931 | 100 rolls x 500 stamps |
| | | 1.8.1933 | 100 rolls x 500 stamps |
| | | 11.10.1935 | 200 rolls x 500 stamps |
| 20 aurar Gullfoss | delivered | 11.12.1931 | 100 rolls x 500 stamps |
| | | 1.8.1933 | 100 rolls x 500 stamps |
| | | 11.10.1935 | 200 rolls x 500 stamps |
| 35 aurar Gullfoss | delivered | 11.12.1931 | 100 rolls x 500 stamps |

The following stamps are also known to have been sold loose from vending machines, from rolls made up in the main post office in Reykjavík (quantity unknown): 5 aurar Herring dark brown
25 aurar Cod red
25 aurar Cod reddish brown

One new vending machine was installed in 1970 at Lækjartorg (Square in center Reykjavík) manufactured by Sternes Specialfabricks AB, in Sweden which delivered one booklet for two 10 krónur coins. Booklet cover was printed by Svansprent in red with a posthorn on front side and some postal rates on the back. Because of humidity fluctuation it was quickly taken from use, as booklets intended to swell and become unusable.

**COLLECTIBLES**

Stamps – first day covers – booklets – christmas seals – revenues – coins – medals – banknotes – postcards – trade cards – pins – accessories

**FRÍMERKJAMIÐSTÖÐIN**
Skólavörðustíg 22 P.O.Box 1636
IS-121 Reykjavík
Phone: +354 552 1170
Fax: +354 551 6445
E-mail: stampcenter@islandia.is
http://www.islandia.is/~stampcenter

**What do you need in collectibles?**

*Stamps, covers, postcards, bank notes, coins, phone cards, pins, badges, medals, books, prints, maps, bonds and documents, Icelandic cigarette cards and historical playing cards and much more,*

Hjá Magna

*Stop by and take a look !*

LAUGAVEGUR 15 · P.O.BOX 1264 · 121 REYKJAVÍK · ICELAND
TEL +354 - 552 3011 · FAX + 354 - 551 3011 · E-MAIL magnir@mi.is













# Frímerkjasalan er þjónustumiðstöð frímerkjasafnara

**Frímerkjasalan er sérstök söludeild innan Íslandspósts og sér um alla þjónustu við frímerkjasafnara.**

Fjölmargir frímerkjasafnarar víða um heim eru áskrifendur að ákveðnum fjölda fyrstadagsumslaga og/eða frímerkja, enda fá þeir ný frímerki send reglulega. Safnarar fá fastar pantanir afgreiddar sér að kostnaðarlausu og öll frímerkin eru seld á nafnverði. Hægt er að greiða áskriftina með greiðslukorti. Ef þú vilt slást í hópinn og fá ný frímerki reglulega skaltu gerast áskrifandi.




Hægt er að fá öll frímerkin sem Íslandspóstur gefur út 2002 í einni ársmöppu (A4). Ársmappan er glæsilegur safngripur og tilvalin sem vinargjöf, innanlands og erlendis. Verðið er 2.700 kr.

Frímerkjasala Íslandspósts
Stórhöfða 29
110 Reykjavík

Sími: 580 1050
Fax: 580 1059
Netfang: stamps@postur.is
www.stamps.is

Íslandspóstur
FRÍMERKJASALAN POSTPHIL